

# Stefnumótun vegna málefna innflytjenda

## Meginmarkmið

- Að hagsmunir innflytjenda og barna þeirra séu samþættir inn í alla stefnumótun, stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélagsins.
- Að innflytjendur þekki réttindi sín og skyldur sem íbúar og hafi greiðan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins.
- Að opinber þjónusta birtist innflytjendum sem ein heild án tillits til þess hvort ríki eða sveitarfélagið beri ábyrgð á þjónustunni.

Að innflytjendur öðlist sem fyrst sömu stöðu og aðrir íbúar og séu viðurkenndir og virkir þátttakendur í samfélaginu í Vestmannaeyjum.

## Atriði sem þarf að huga að:

- réttindi og skyldur innflytjenda fyrst eftir komuna til sveitarfélagsins
- verkaskipting á milli ríkis, sveitarfélags og atvinnurekenda hvað varðar móttöku innflytjenda og aðlögun þeirra að samfélaginu
- samstarf milli þessara aðila þannig að unnt sé að veita innflytjendum heildstæðar upplýsingar og þjónustu
- aðgengi að ráðgjöf um þjónustu við innflytjendur til að stuðla að gagnkvæmri aðlögun
- tryggja þarf að lögheimilisskráningar skili sér fljótt og vel til sveitarfélagsins og það fái nauðsynlegar upplýsingar til að geta undirbúið móttöku innflytjenda
- sveitarfélagið þarf að geta fylgst með þróun innflytjendamála hjá sér, breytingar í fjölda, hvernig innflytjendur eru að nýta sér þjónustu þeirra og hvernig aðlögun þeirra gengur
- tryggja þarf möguleika á túlkanþjónustu fyrir innflytjendur en kanna um leið kostnaðarhlutdeild þar
- sveitarfélagið þarf að vinna gegn fordómum í garð innflytjenda
- tryggja verður framlög úr Jöfnunarsjóði og öðrum sjóðum til að styðja við hlutverk sveitarfélagsins vegna aðlögunar innflytjenda bæði hvað varar lögbundin verkefni sem og ný verkefni
- vinna verður að því að gera starfsmenn skóla hæfari til að eiga samskipti við börn af erlendum uppruna og foreldrar þeirra og til að standa fyrir aðgerðum gegn fordómum í skólum
- vinna verður að því að gera kennara hæfari til að taka á móti og kenna börnum innflytjendaenda
- kanna verður möguleika til móðurmálskennslu s.s. með farkennurum eða samýtingu á tungumálaverum til fjarnámskennslu
- tryggja verður aðgengi að miðlægum gögnum til kennslu

- hafa verður í huga hagsmunir innflytjenda þegar samningar eru gerðir við félagasamtök eða einkaaðila um að veita tiltekna þjónustu, ekki síst við gerð samstarfssamninga við íþróttafélög um íþróttastarf fyrir börn
- sveitarfélagið miðli upplýsingum um stefnumótun, þróunarverkefni eða annað efni varðandi þjónustu við innflytjenda
- komið verði á þverfaglegu teymi innan fjölskyldu- og fræðsluviðs sem hefur það hlutverk að fylgjast með því að hagsmunir innflytjenda séu hafðir að leiðarljósi í starfsemi sveitarfélagsins
- umrætt teymi skal kalla til sín fulltrúa ríkisstofnana í sveitarfélaginu, fulltrúa innflytjenda, fulltrúa fyrirtækja og félagasamtaka í sveitarfélaginu
- teymið skal vera ráðgjafandi fyrir fjölskyldu- og tómstundaráð varðandi málefni innflytjenda
- leitast skal við að starfsmenn sveitarfélagsins fái fræðslu og ráðgjöf til að gera þá hæfari til að veita innflytjendum þjónustu sem og að kynna sér fjölmenningsleg málefni
- sveitarfélagið skal leitast til þess að ákveðnir starfsmenn þess beri ábyrgð á móttöku innflytjenda og miðlun upplýsinga til þeirra
- kanna skal möguleika þess að nýta bókasafn sveitarfélagsins í þágu innflytjenda
- sveitarfélagið skal vera vakandi fyrir því hvort ákveðnir hópar innflytjenda lendi utangarðs hvað íslenskunám snertir og grípa til aðgerða til að ráða bót á því
- framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs er ábyrgur fyrir að fylgjast með því að hagsmunir innflytjenda séu virtir